

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um, að innkallaðir skuli allir bláir 10 króna sedlar, er Þjóðbankinn hefur gefið út og ganga manna á meðal, undirskr. af konungi 10. nóv. 1894 (A. nr. 25, bls. 136—137).

Konungleg auglýsing um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskr. af konungi 13. nóv. 1894 (A. nr. 26, bls. 138—139).

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aptur, undirskr. af konungi 6. desbr. 1894 (A. nr. 27, bls. 140—141).

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurborg, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. jan. 1895 (A. nr. 1, bls. 2—5).

Auglýsing, er fellir úr gildi ýmsar auglýsingar frá stjórnarráði Íslands um ráðstafanir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, m. fl. undirskr. af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. jan. 1895 (A. nr. 2, bls. 6—7).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa presta- 8
kalli til húsabóta á prestsetrinu. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmáður 25. jan.
og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 29. f. m., vil jeg hjer með
veita samþykki mitt til, að presturinn að Mælifelli í Skagafjarðarprófastsdæmi,
sjera Jón Ó. Magnússon, taki 1500 kr. embættislán, sem þó ekki getur feng-
izt úr landssjóði, handa nefndu prestakalli, til þess að bæta staðarhúsin á
prestsetrinu á þann hátt, sem segir í tjeðu brjefi yðar og skjölum þeim, er
því fylgdu. Þó er samþykki mitt til lántöku þessarar bundið þeim skilyrð-
um, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á eigi skemmri tíma
en 28 árum næstu, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að hin nýja húsa-
gjörð sje vel og forsvaranlega af hendi leyst, að hin nýju hús verði eigu
staðarins, að presturinn haldi þeim í váttryggingu fyrir að minnsta kosti 1500
kr. undir eptirliti prófasts, og að presturinn eða dánarbú hans skili þeim við
burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eður með fullu álagi.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um breyting á fyrirkomulagi 9
verzlunarskýrslna og innköllun á eldri eyðublöðum. — Til þess að bæta úr ýms- 29. jan.
um misfellum, sem þótt hafa vera á því fyrirkomulagi, sem hingað til hefur
verið á undirbúningi til verzlunarskýrslna, er í áformi að gjöra þá breytingu,
að heimta ekki eptirleiðis skýrslur yfir það, sem flutzt hefur inn og út með
hverju skipi fyrir sig, heldur *eina skýrslu fyrir árið* af hverjum þeim, sem
fengið hefur vörur frá útlöndum eða sent vörur út til sölu. Með þessu fyrir-
komulagi er búizt við, að bæði verði skýrslurnar áreiðanlegri heldur en með
hinu gamla fyrirkomulagi, þar sem heilir farmar auðveldlega geta fallið burt,
og auk þess verður með þessu auðið, að koma skýrslunum miklu fyr fyrir
almenningssjónir. Með því að til er ætlað, að hið nýja fyrirkomulag komist

5. dag marzmán. 1895.

9
29. jan.

á fyrir yfirstandandi ár, 1895, þannig, að hver verzlendi gefi upp með einni skýrslu í árslok allt, sem hann hefur flutt til landsins og út úr því á árinu, þá skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla lögreglustjóra í ömtum yðar, að birta þetta hlutadeigandi skýrslugefendum, svo að þeir sjeu undir það búnir í tíma, eins og einnig ber að innkalla og endursenda hingað öll eldri eyðublöð undir skýrslur um aðfluttar og útfluttar vörur. Ný eyðublöð verða síðar send, ásamt nákvæmari ákvæðum og fyrirskipunum.

7
12. febr.

Verðlagsskrá,

sem gildir fyrir

Vestur-Skaptafellssýslu

frá miðju maímaðnadar 1895 til jafnlengdar 1896 (frh. frá bls. 8).

			Í peningum.		Hundrað á		Alin.		
			Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.		
<i>F. Skinnavara.</i>									
31.	1 hndr. 4 fjórðungar	nautsinnns 10 pund á	10	19	40	76	34		
32.	— 6 —	kýrskinnns — — —	7	80	46	80	39		
33.	— 6 —	hrossskinnns — — —	6	53	39	18	33		
34.	— 8 —	sauðskinnns, af tvævetrum og eldri — — —	4	73	37	84	32		
35.	— 12 —	sauðskinnns, af veturgömlum og ám — — —	3	13	37	56	31		
36.	— 6 —	selskinnns — — —	5	69	34	14	28		
37.	— 240	lambskinn (vorlamba), einlit . hvert á	»	21	50	40	42		
<i>G. Ýmislegt.</i>									
38.	1 hndr. 6 pd. af	æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	»	»	»	»	»		
39.	— 40 — —	óhreinsuðum — — —	»	»	»	»	»		
40.	— 120 — —	fuglafiðri 10 pund —	3	21	38	52	32		
41.	— 480 — —	fjallagrösum — — —	»	»	»	»	»		
42.	5 álnir 1 dagsverk	um heyannir — — —	2	11	»	»	42		
43.	— 1	lambsfóður — — —	3	10	»	»	62		

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	63	38	53
— <i>B. — í ulla, smjöri og tólg</i>	54	60	46
— <i>C. — í ullartóvöru</i>	72	80	61
— <i>D. — í fiski</i>	65	70	55
— <i>E. — í lýsi</i>	33	75	28
— <i>F. — í skinna-vöru</i>	40	95	34

En meðalverð allra landaura samantalið 331 18 277
og skipt með 6 sýnir:

Meðalverð allra meðalverða 55 19 46

Reykjavík, 12. dag febrúarmán. 1895.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.